

Úr 22. skráðu, viðtali við jötna, Gera og Freka:

„Í 32. skráðu gerum við líka grein fyrir ruglingi með þursa, jötna, tröll, þursameyjar þrjár.

Útlendingar eru svo vitlausir að þýða allt giant (risi).

Orðabókaþýðingar og enginn skilningur.“

Nokkuð til í þessu. Sumir skilja ekki.

Íslendingar eru engin undantekning!

Það eru svo margir sem skilja ákkúrat ekki neitt!

Ekki dugar að þýða allt stórt sem „giant”,

því það fletur út merkingar táknaþálsins,

ekki tjóir heldur að hugsa útfrá innfluttum hugmyndum sem koma okkar þekkingu ekkert við,

eða enn verra: eru afbökun af fornum skilningi forfeðranna okkar.



**Goþrún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu**

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

32. ISBN 978-9935-409-31-7

**tröll jötnar þursar
þursameyjar
og framþróun**



Norræn menning +354 694 1264; +354 552 8080

**-tröll jötnar þursar
þursameyjar
þursamegir /-peyjar III
Fenja Menja Grótti
Aurnir (/Örnir /Urnir) Iði
Suttungur Þjazi Gyimir
risinn griðungurinn gammurinn drekinn**

*Tefldu í túni,
teitir váru,
var þeim vettergis
vant úr gulli,
unz III kómu*

*þursameyjar (sem gæti verið nf flt, eða ef et) -- eða þursamegir
ámáttkar mjög – þrjár á máttkar, eða þrjár hinnar á máttku (ef flt),
úr Jötunheimum*

-- þursamegir III Gunnarnir, eiginleikar hinnar á máttku móður náttúru

djyótish er ljós जोतिस् djyótir-heimar jötunheimar ljósheimar?



-Er þetta ávarp, völva títusmá?

Óttastu ekki gauragang og hjaldur mikið ef allir mæta á svæðið og svara í kór?
Hymir og Ymir og Bergelmir og Hvergelmir úr brunni sín,

fleiri gelmar og gemlingar gætu komið líka, litla títa með munninn fyrir neðan nefið.



Ymir líka?

Er ekki lða mál kenning fyrir gull?

Ertu að falast eftir gulli jötna, völva smá?

gulli Gymis og auðlindum Ymis?

Eins gott að Geri of Freki eru í 22. en ekki hér. Eru jötnar ekki þar líka?

Hvers vegna láta þá standa fyrir máli sínu einnig hér í 32.?

-Við skulum svara fyrir okkur.

Gunnlöð Skaði Gerður -- III (þrjár) þursameyjar



-ooooo -- ég verð máttlaus við þessa kvenlegu skörungafegurð -- verð að hleypa þessum dísum inn á fundinn!!

-Þursar eru feður okkar,
og þeirra tíð líður,
bæði sem þróun einstaklinga svo og heilla þjóða,
mankyns sem heildar.
Eftir verða Þjaza augu skær.



Dætur taka við af feðrum,
hér Skaði Þjazadóttir, Gerður Gymisdóttir, Gunnlöð Suttungsdóttir.

Tímar koma, tímar koma,
og þrátt fyrir dýfur og dimmar aldir er framþróun.

Aldrei afturábakþróun, því það er ekki til,
en svolítil vanþróun
og stöðnun á stundum meðal sumra. Myrkar aldir fáfræði og lyga.



-Dýfur hvað? svaka dívur!!

Þið eruð

- * skír brúður er hefna vill föður,
- * sú s mjaðar gætir þegar Bölverkur bregðst í ormslíki og smýgur inn í eitthvað,
- * sú in þvera sem gull á nóg í föðurgarði.

Svaka dívur!

ég er bara alveg stífur.

Og það blífur.

Hér er uppáhaldsmyndi mín

úr Deka hemeron (Dekameron /10 nóttum/10 sólarhringum),



fyndin ádeilubók, mað...., u, - ég meina þursamær, -meyjar. Skál !
(Manni bara vefst tunga um höfuð og mismælir sig bak og fyrir,
svo mikill er æsingurinn í mér stundum.)



Ég vissi alltaf að þið voruð ekki Gunnarnir þrír sem trufluðu taflað þeirra teitu í túni. Gunnarnir settir í pils.

Bullið í þessum fræðimönnum sem þykjast vita allt.

En þeir eru góðkunnar hjá mér, greyin, svo ég er ekkert að blamma þá neitt, enda lenda þeir í rússabananum hjá mér

sjá mynd hjá **mér í 4. skraðu**: rútsíban Þjóðvitnis, rússabaninn. vinsæli.

húrra niður úr sjálfsánægjunni sinni, kannsi við það að einhver bendir þeim á villur þeirra vega.

Fara bara í bömmeryflu, greyin, í fílabeinsturninum sínum,

og halda áfram að grúska, sem er harðla gott menningarlevebröð.



Bezt að ég verði fundarstjóri hér svo ekki fari allt úr böndunum.

Voruð þið búnar að útskýra ykkar tilveru, dívur?

Gerður drattast í Barra -- frekar en lenda í hlandi og hrímpursum, frampróun, algullin epli, hodd goða,

Gunnlöð Suttungsdóttir laðar Bölverk í bólið og snarfyllir hann af miðinum dýra frampróun, skáldamiði, blóði Kvasis og alls konar boðnarsulli,

Bölverkur tapar glórunni og tímaskyninu og fer að fljúga í sæluvímu sinni,

Skaði í Þrymheimum, mærin, kanya í dýrahing (zodiak) er skrambi skýr brúður goða og kýs Njarðarfætur, þótt hún þrái sólguð,

frampróun, líklega, með smávegis vandamálum



Skaði í Þrymheimum, Gerður í Gymisgördum Gunnlöð í Hnitbjörgum

Óðinn Freyr Baldur Njörður eru þeir lukkunnar pamfílar að fíla ykkur í strimla. Öfundsverðir.



OH oh oh



Dætur taka við af feðrum,
hér heimasæturnar sjálfstæðu:

Skaði Þjazadóttir, Gerður Gymisdóttir, Gunnlöð Suttungsdóttir.

Þá eru það jötnar úr ljósheimum, jötunheimum, (22.)

-- en skrítið að Gunnarnir þrír koma einnig úr ljósheimum, jötunheimum.
Skyldu þeir þekkjast eitthvað? Þrír eiginleikar náttúrunnar og jötnar?



Ég útskýri þetta fyrir jötnana, - ég svara fyrir þá,
ég þori ekki almennilega að fá þá hingað, sko.

Þeir ropa svo ferlega þegar þeir éta mikið járnarusl.

Líka ógeðslegir þegar þeir éta stressubúka-fólk innanfrá.

(sjá 22.skræðu um sindurefni, free radicals)

Jötnar eru öskukarlarnir (22.),
jötunn er sá étandi, einsog Packman í tölvuspilinu gamla,
æting, sindurefni, ryð,
mótvægi við sköpun



sköpun er

ginnungagap - ÓðinnViliVéi - ginnungagap - ÓðinnViliVéi -
ginnungagap - ÓðinnViliVéi - ginnungagap - ÓðinnViliVéi -

eða samhita - rishi devataa cchandas - samhita
- rishi devataa cchandas - samhita - rishi devataa cchandas - samhita -
rishi devataa cchandas -

(sjá 3. skræðu um þríeindir)

eind-þríeind-eind-þríeind-eind-þríeind-eind-þríeind.....

á vísindamáli eind-þríeind:

samsviðið (UnifiedField) - Hilbert Space-Observables/Operators-States

Vishnú reynir að hafa hemil á krafti jötna, sem hann kallar Daitya, sem eyðileggja
allt sem tönn á festir,
eða sá hluti ferlisins sem er niðurrifsstarfsemi náttúrulögmálanna,

og Vishnú hjálpar krafti út tívatúni (5.), uppbyggingarstarfsemi lögmálanna.

pardnja aparadha प्रज्ञ अपरध ef maður dettur útúr sköpunarferlinu,
vitsmunir mannsins gera mistök,
þessi villuráfandi sauður sóast ekki, fer ekki til Gunnlaðar að sækja nammidrykk,

en menn skilja ekki pradnja aparadha, sjá ekki eigin mistök!! –
sem er í góðu lagi frá mínum bæjardyrum séð.

--- En endar í vandmálum og rugli og veikindum hjá greyjunum mínum.

Hver fruma líkama manna deyr að loknu sínu lífsskeiði,
deyr raunar í þágu heildarinnar.

Hún fæðist, vinnur, deyr í þágu líkamans.

Engin sorg, aðeins heildarframþróun.

Hversu mikla virðingu ber manninum að veita starfi hennar (frumunnar sinnar)?

Þegar menn reykja og drekka (í merkingunni óholl efni sem fólk innbyrðir, lendir í rugli, einsog það heitir), er það að stríða gegn framþróun og heilbrigðri starfsemi frumanna, stríða gegn sköpun, gegn heilbrigði líkamans, líkamans sem er svo fullkominn að menn ættu að bera fullkomna virðingu fyrir honum.



eiturlyf eyðileggja

Þetta rugli-lið er að hjálpa jötnum við að eyðileggja meira en byggt er upp.
Forðizt sölumenn dauðans.

Þetta heimskja illa-upplýsta lið fóðrar jötna í sér,
hleður upp gruggi, ósvinnu, oj barasta ullabjakk, eyðileggur fegurð þjóðfélagsins og dýrmæta hæfileika mannsins.

Eru vitglórulausir uppalendur á Íslandi ????



sjá: 31., tært taugakerfi *Edda vé ása.*

Og hér er hvernig **ég**, Þjóðvitnir (**sjá 4. skræðu**), blómstra þegar eind-þríend-eind-þríend.....er ekki hin eðlilega næring, heldur verður maðurinn sem afskorinn kvistur.

Ósvinna manna tákna rífandi bisset á glingri handa skilningarvitum (26.).



pradjña aparadha og enginn skilningur

(Hari Sharma, Christofer Cock
Conntemporary Ayurved, ISBN 0443 05594 7)

Næsti, gerið svo vel,
nei annars,
engin tröll komi !! Of mikill tröllagauragangur.



Skessan er móðir náttúra (36.), svo hún þarf ekki heldur að mæta hér og nú.



Þór fer að berja tröll, heldur í austurátt, hleypir geislum sólar inn í líf mannanna.




asman vadrja (þrumufleygur Indra, 1. skræða)
su asti ka

swa sthi (sjá. 1.skræðu hvar Þór útskýrir tröll, það sparar okkur að fá þau í þessa 32. skræðu -- sem betur fer!!!!)



Þessi ljúfa er í tröllahöndum, í tröllaböndum ímyndun, ósvinnu.



Tröll eru ekki raunveruleg heldur ímyndun,
fáfræði og ósvinna.
blinda á Sólarælu, sem þó er hið eðlilega ástand hvers manns.



Tröll eru ósvinna, ímynduð, **माया** Maayaa kærastan mín veit allt um það.
Öfugt því sem er með jötna: Jötnar eru blákaldur veruleiki í veröld.
Jötnar rífa allt í sig, jafnvel mennina, lifandi sem dauða!!!
Gerðu ykkur grein fyrir þessu, góðir hálsar.



Berjið ykkar ósvinnutröll

Það þarf að flisja lag eftir lag utanaf sér,
losa sig við hismið og fríska uppá tilveruna,
ætið hreinsa út jötnafóðrið,
annars fer í verra.

Menja með ljónsmakkann, og **Fenja** með fjaðurlubbann,
ljúfu ambáttir,
endilega ekki vera að koma neitt til okkar hér og nú.
Ég skal segja frá, þið gátuð ekki annað en það sem þið gerðuð
þegar friður Fróða fór yfir í kalí-yúga, menn óðu í ósvinnu.



Búi

a-vidya अविद्य

Menja og **Fenja** möluðu þar til allt sökk, Grótti með, líklega ?
Og gullhringurinn á krossgötunum,
-- eða krossinn með gullnum hring? --



Sólguðatáknid?

Atlantis sökk í nokkrum hlutum fyrir eitthvað nokkurhundraðþúsundum ára minnir mig,
Lemúría fyrir milljónum ára, hvarf í magma (hvað sem það nú er), líklega að jörðin gleypri hana og allt bráðnaði í eldmaga jarðar.



Hún alltaf jafn sallaróleg og mömmuleg þessi elska.
Elsku mamma Jörð.

Nói lenti í veseni,



allt í pöddum

(„hver hleypti öllum þessum pöddum um borð í örkina mína? burt með ykkur“)

Kanínur og mýs og rottur máttu ekki nota getnaðarvarnir í þessa 40 daga, Guð bannaði það, svo Guð sagði Nóa að það væri matarframleiðsla.

Einhyrningurinn sagði við hinn einhyrninginn: gaman að hafa aðra stelpu að tala við,

kentárinn sagði við hinn kentárinn: kanntu að tefla?

Konurnar hafa engin nöfn í Nóa-trúarbragðakvenfyrirlitningu, svo kona Nóa var kölluð Jóhanna af Örk.

Guðfræðingar læra enn þann dag í dag kvenfyrirlitningu í HÍ.

Bara ekkert nema vesen hjá karlgreyinu Nóa, og enn er allt í veseni hjá kven-Guðfræðingum sem ber að fyrirlíta skv háskólafræðunum.

Það er svona að hlýða þessum dutlungafullu Guð-velda-Guðum.

Sem Kam Jafet höfðu nöfn en konur þeirra ekki, bara barnaútungunarmaskinur í Sem-trúarbrögðum.

Enginn þeirra kunnir: nistraigúnyó bhav, निस्त्रैगुण्यो भव्

vertu Gunnalaus (þ.e. sóast skyli)
hefði nú reddað ýmsu hjá sukkurum Sódómu og Gómorru sem Guð drap,
en sú tækni var víst gleymd -- nema Guð hafi kennt Nóa hana til þess að hann
flyti upp með hækkandi vatninu?

Tæknin er nú að ryðja sér til rúms á ný í mannheimi, svo ekki fari allt til
andskotans.

Er dagskráin tæmd?


Nei, ég verð að bæta hér við, kjaffora mín, dvergum.
Þeir eru svo duglegir, litlu greyin.
Synd að þeir eru ekki í 26.skræðu um höfuðskepnur,
kraftar í árdaga.

dvergar

dhvri धृ dvergur, sá sem beygir, skemmir, drepur. Ha? drepa?
Dvergar sem eru einmitt að smíða tól og tangir fyrir okkur, skapa.
Hjálpa til við að útbúa og framleiða tæknilega erfiða hluti.
Redda guðum og mönnum í svona sérhæfðum iðnaði.

Gotar segja dwellan, Saxar og Englar segja dull dolt, Germanir segja toll.
-- Ég get ekkert verið að þæla í þessari etymológíu, orðsifjafræðum,
fletti bara upp í Ásgeiri Blöndal, C.A.Holmboe og sör M.Monier Williams
því þeir eru með svo skemmtilegar skoðanir á hugtakamerkingu og uppruna
orða.
Dvergar eru fínir gaurar, svo ég vil endilega hafa þá með hér.

Auðvitað getur Mjallhvít (21.) ekki dvalið endalaust á dvergastiginu.
Hún dvelur, hennar þróun dvelur eitthvað, leggst í dvala,
og þetta endalaus epli -- sem er í öllum sögum og paradísnum -- er hér sem
örlagavaldur --- einsog svefnþornið Þyrnirósar og Brynhildar.
Mjallhvít er á leið í Valhöll, og þarf koss.



-ooooo -- þetta er svo sætt alltaf í enda ævintýrana !!

Er dagskráin þá tæmd?

Er **ég** góður fundarstjóri?
÷ Þursar komnir, afgreitt,
÷ dívurnar í dýfum komnar, afgreitt,
÷ tröll komin, afgreitt, (líka í 1. skräðu),
÷ jötnar komnir (líka í 22.), margafgreitt,
÷ Fenja og Menja, afgreitt,

- ÷ þursapeyjar eru í 3.skræðu, um þríeindir, og í 5., margafgreiddir Gunnar,
 - ÷ lði of upptekinn í gulleik til að mæta, sleppt,
 - ÷ Aurnir líklega í silfurleik með aurana sína, sleppt af dagskrá.
 - ÷ dvergar, bætt við, afgreitt
- önnur mál?

Svo vísar allt hvað í annað
allt bitur allt í halann á sér einsog einhverjir Miðgarðsormar.



og drekarnir gleypa Sólu.

Hér geri ég grín að hátíðleikanum
og endalausum tilvísunum í aðrar skræður:

Þetta heila verk, 40 Kálfholtslækjarhljóðaljóð, vísar oft og mikit í sjálft sik --
einsog þit hafit tekit eftir, og þit nennit ei lengur að fletta upp til og frá, aðeins
fljótit með þunganum frá uppsprettu að ósum og í ægi.

Þit reynit at muna allt,
ok koma því saman í heildarmynd í ykkar misþróaða kolli.

Hver einasta skræða segir allt, og því á þessi máti að skiljask sem táknræn
tjáningarleið um að allt er heild.

Allt sem sagt er, tjáir heildina. Munið:

heildin ein er

Þessi máti á að færa skilaboð þeims það vilja þiggja, þörf þeims þiggja, um
at ginnungagap vísar æ í sjálft sik, sjálfu sér nógt í einu og öllu.

Mennirnir eru þat.
Ekkert fær staðizt án þess.

Þat er þekkingin,
menn eru hún.

!!! Vá, hvað þetta var flott hjá mér !! algjört formál !! með nútímaslettum.



Ég alveg blómstra í þessu fundarstjórarstarfi !!



Hér er Pan Etrúska, Pan Grikkja,
Evrópa á leið til Krítar á Seifi himnaföður (der Spiegel og Josef Pieper)

Þá er komið að þrymskviðunni spaugilegu:



Freyja er óendalega mikill sköpunarkraftur
bullandi tímarúmskvoða (/spacetimefroth), æðislega sexí,

Þrymur þurs er þróunarskeið sem er liðið, eða er að líða. Lystir að kyssa.
Þrymur og Freyja eru því algjörar andstæður,
skilið?

svo miklar andstæður að aldrei fá samrýmzt.

(sköpunarkraftur - og - gömul þróunarskeið)

Menn þurfa að losa okkur við þursa,
gömul gróf svið og skeið,
finna guðlegt eðli, gyðjuna miklu.

Góð er Freyja þegar Loki (mannkyn?) kemur til að fá léðan fjaðurham,



vill gefa og selja þótt úr gulli eða silfri væri,
en

reið er Freyja þegar hún sér að Loki skilur ekki samhengið,
þegar hann heldur að gyðjan fari og tilheyri afgreiddum gófum stigum til eilífðar til
þess að bjarga hamrinum góða.

Skilur Loki (mannkyn?) ekki að við þurfum að losna við forn þróunarskeið,
-- nú afgreidd og óþörf skeið,

þróast í átt að fullkomnun, siddhi सिद्धि, -- í átt að uppljómun?

Skilur Loki (/mannkyn?) ekki að þetta er tilgangur lífs okkar á jörðu?

loka लोक heimur

Auðvitað skilur gyðjan að Mjöllnir er illa kominn í höndum þess ósvinna,

mönnum glataður, eða amk mönnum falinn
mörgum röstum fyr jörð neðan.

Tækið mannanna til að eyða ósvinnu, er í höndum ósvinnunnar !!
í höndum vanþróunarinnar og stöðnunarinnar persónugerðrar.

Klúður.


Reiður Vingþórr,
hamars saknar
öndótt augu



svastika, su asti ka, getur þýtt skáld sem býður okkur velkomin,
er heilagrípur sem við þurfum á að halda,
eða aðeins táknrænt merki, krossmerki, sem býður heim heillum
til þeirra sem eru heillum horfnir eða heillaóska þurfi.

megir þú vera heill og sæll swasti su-asti स्वस्तिक सु अस्ति क

Þórshamarinn gæti verið sólartákn, en þó ekki sólardýrðkun sem slík
en brjóta þarf braut geislum rísandi sólar í austri ef maður vill endilega komast úr
glingrurdýrðkuninni hjá mér. (Gymisgarðaparadísinni minni.)



(Keltishes Amulett, sólgudatákn)

að mata skilningarvitin, að þeyta Mjöllni mola tröll

Loki er alltaf að gera einhverjar bommertur og svo reyna að redda sér útúr
klúðrinu þegar allt er komið í steik.
Svona er nú mannkynið á ógurlegu gelgjuskeiði.

En í Þrymskviðu gekk Loki of langt:



Brísingmen, hið bjartasta djásn sköpunarinnar (mannkyn?) splundraðist í tætlur. Svona algjört skilningsleysi á táknmáli goðsagnanna er ófyrirgefanlegt.

Loki einblínir á vandamálið en skilur ekki heildarplanið mikla.

Það kemur alloft fyrir menn á lágum vitundarastigum, redda einu en sjá ekki áhrif þess á heildarsamhengið. Þröngsýni, blinda, gönur, gruggur.

Þróun er tilgangur lífsins, fullkomnun markmiðið, siddhi सिद्धि
Síðhöttur (29., Siddhartha / fullkomnun að markmiði),
og mennirnir verða að vera meðvitaðir um að reyna,

sramana, sjaman स्रमन

Fremja valkyrju-gjörning
yndisleg vinna sem er í raun eina verkið sem margborgar sig !

Annars yfirfyllist allt hjá mér af ósvinnum mönnum
-- og dallurinn sekkur í magma með öllu heila mannkyns-klabbinu með !!!

Þór er mannanna þrautseigja og þor, máttur og megin,

Menn verða að berja tröll, (sjá Þór, 1.)
hleypta inn Sól uppljómunar (17.), sem rís í austri.



Annars fyllist allt hjá mér af ósvinnum mönnum og heimurinn fer á hausinn með öllu saman, þjóðarskúturnar sökkva í mömmumaga, magma,

Fenja og Menja vita allt um það mál.

-Eigum við að koma á fundinn? mæta í viðtal?

Neineineinei! neineineinei ! Fenja mín og Menja,
þið þurfið ekkert að mæta í viðtalið, né heldur Grótti þótt lífseigur sé meðal
manna
ég var raunar ekki að kalla í ykkur
heldur vitna í þekkingu ykkar á afleiðingu græðginnar.
Annars: takk.

Menn mega ekki láta þursa fela Mjöllni 9 röstum fyrir jörð neðan.

Þór sofnaði svo fast að hægt var að stela Mjöllni.
Þetta má ekki gerast aftur (aftur og aftur og aftur!).

Ef menn þróast ekki, staðna þeir.
Hrímpursar og geitahland, hmmm?
ekki félegt líf það,
enda Gerður (8.) ekki hress með þá lýsingu, (Skírnismál)
vildi jafnvel frekar hitta Vaninn í Barra,
þótt hún hefði nú litla trú á svoleiðis fundi með ástföngnum ástarsorgar guðinum.

Látum okkur nú sjá



Sigrífa Högni Hugmóður á skautum í

Erknvík árið 700

-- hvað er þessi mynd að gera hér??? er úr Óðsmálum inum fáðu, DVD VHS



ekki trufla mig með svona, krakkar,
þegar ég er fundarstjóri í ógurlega erfiðu dæmi

- check-list og fundarsköp, hvað er komið?:
völva vill viðtöl við eða þannig
- ÷ tröll jötna þursa
 - ÷ þursameyjar
 - ÷ þursamegi /-peyja III
 - ÷ Fenju Menju, afgangur í öðrum skræðum,
Gróttu (við höfun nú ekki viðtal við kvörn !)
 - ÷ Aurni (/Örnir/Urni) lðia
 - ÷ Suttung Þjaza Gymi -- Hymi Ymi..... (allt of flókið)

já! eftir er:

risinn í skjaldarmerki, raunar römm landvættur
(sjá 38., Meissner-lögmál, Maharishi-lögmál)

griðungurinn gammurinn drekinn, líka rammar landvættir
(-- 38., stjórnarskrá alheims, friður, samræmi í heimsvitund)

ekki dugar að þýða allt sem „giant“
því það fletur út merkingar táknaðsins,
nei, rétt er það
útlendingar þýða tröll og þursa og jötna og rísa sem „giants“
bara eitthvað vo vo vo stórt og lítt aðlandi, lítt æskilegt,
og gera engan greinamun á þessu.

Þeir eru svo vitlausir þessi blessuðu útlendingar.
Taka upp orðabók og reyna að þýða!!

Þeir glutra niður táknaðinu með svo lágbúrulegum þýðingum.

Eins og kom fram eru Íslendingar ekkert betri.
Halda að þeir skilji allt,
„eigi“ menningarfjársjóðinn, og séu klárastir í heimi.

Auðvitað er þessi jákvæða megalómanía (/ofurmennskubrjalæði) Íslendinga
ásæðan fyrir því að Íslendingar eru þjóð.
Öðrum kosti (raunsæi) löngu útdauðir.

Meissner-lögmálið, og Maharishi-lögmálið (38., 16.) er þetta með landvættirnar
góðu.
Í samræmdri heild mynda þær skjöld um landið og verja okkur óvinum.

Þær eru samræmdar þegar þjóðarvitund er í samræmi,
hver einstaklingur tær, þjóðarvitundin þá há,
og menn mynda skjöld, asatru (a-satru, ekki óvinir), andskotalaus þjóð.

Þegar mikil streita er í þjóðarvitundinni, sofa landvættir allar,



ósamræmi í stað samræmis er ekki skjöldur

©Global Country


og þá fara daviðar og halldórar og birnir að vera að þykjast vera menn með
mönnum, hermenn með hermönnum, ganga með herbrölt í maganum, staðföst
ríkisstjórn sofandi þjóðar, og kerlingarnar í ríkisstjórn vildu líka vera hermenn
með hermönnum, en alþingi vissi víst ekkert af þessu, enda hefði það spillt fyrir
hernaðinum og plani mad.albright að láta þingmenn fara að hafa skoðanir og
koma þeim á framfæri, því sexí Mad.Albright var búin að dobbla þá uppúr
skónum með því að dilla rassinum og dollurunum framan í þá,
þeir skyldu ekki mun á vináttu og hagsmunum !!!

og bandalag Atlantshafsríkja var orðið árásabandalag í stað varnabandalags.
(N (no) A (action) T (talk) O (only) varð að: N (nú) A (allir) T (taka sig saman) O
(og drepa fólk í júgúlsavíu á staðfastan hátt \$\$\$ og KEF-beis)

Hernaður í heiminum kostar morð fjár, milljarða á hverri mínútu, og er kjörin leið til að skapa stríð, ný töl gerð og þau gömlu seld til úllabúllaríkja, sem hafa gaman af að leika sér að morðtólum líka, þótt alaðgaurarnir hafi allt fullkomnara og flottara og dýrara og morðfljótverkara.



En nú heyja menn frið á jörðu.
Vekja landvættir, hækka vitund þjóðanna.



©Global Country

Landvættir í samræmi,
þjóðarvitund í samræmi,
hækkandi vitundarstig einstaklinga og þjóðar í heild.
Allra þjóða
Allra 192 landa jarðar.

Því er bezt
að gera sér glaðan dag
„Að gera sér glaðan dag alla daga“ eru tillögur Goprúnar að menningarlegum krakkaskemmtunum.

-Beztu þakkir, Þjóðvitnir, fyrir góða fundarstjórn -- þ.e. hleypanum engum inn ! -- nema sætu stelpunum.



Röskur !! Hafði bara gaman að þessu !!

-Hér er upptalið hvernig á að „gera sér glaðan dag alla daga“
og hvar skilninginn er að finna:

Brymskviða, hér: 32., þursar;

Dauði Baldurs, 21. 17. Nanna, 18. harmur Friggjar, 19. Mundilfari,
en öll sólguð rísa upp á þriðja degi,

20. gyðjuhátíðir;

vetrarkomugleði, 7. Vetur konungur og Snædrottningin, og 19.

Mundilfari;

Ólafur liljurós betri maður, 23. álfar;

Bóna minn hálfan, árans bjálfann, 9.;

nafnarunur og guðin vakin, 9. skemmtun og rapp seiðskrata;

Hrafnagaldur Óðins, Forspjallsljóð, hægt að flytja fyrir alla leika, 30.

Baldurs draumar, (17., 18.,) 21. tónverk fyrir flautur trommur raddir.

Helgileikar, jólaleikar, stemmur -- allt leikið og sungið af krökkum á
stórhátíðum og örðum blótum.

handrit að Skirnismálum, helgileikar, 8. Gerðargleði;

handritið að Skirnismálum handa krökkum:

http://www.mmedia.is/odsmal/Skirnis_isl.html

(Við galdurinn breytist úr ljóðahætti í galdralag)

einnig á ensku/english version:

<http://www.mmedia.is/odsmal/skirnismal.shtml>

<http://www.mmedia.is/odsmal>

um jólasveina og Gerði:

<http://www.mmedia.is/odsmal/vidblinkbjan04/umjolasveinaoggerdi.html>

<http://www.mmedia.is/odsmal/Rakniogthogn.html> (I)

og www.mmedia.is/odsmal/sogur.html rakni og þögn (II)

er leikritið

Rakni og Þögn

/saga handa krökkum og KLUKK, 432 gamlir leikir handa krökkum, sem
jólasveinarnir kenna;

þjóðfræði,

goðsagnir útskýrðar,

Óri dvergur,

gerist í ævintýri,

heilagurNikulás,

Óðinn:

Hljóðin úr fylgsni Grýlu eru óhugnanleg, og jólasveinarnir mega ekki
koma þangað inn; eru óþekkir krakkar í miklum vandræðum þarna
inni???. forvitni Rakna og Þagnar er óttablandin; í lok sögunnar kemur í
ljós hvað Grýla var að gera / hvað Gerður var að gera sér til afþreyingar
allan tímann.

Leppalúði er Freyr, Grýla er Gerður!!!

Endar í Gerðargleði mikilli.

Drög að handriti
Þrymskviða:



Þór vaknar upp, finnur ekki hamarinn,
verður ógurlega reiður
vekur Loka: -Áss er stolinn hamri! -- bergmál : áss er stolinn hamri
áss er stolinn hamri
(trumbusláttur mikill)

Loki: -ég fer bara að leita, Þór minn

Loki fer til Freyju: -ég þarf að fá lánaðan fjaðurham,
sem er guðvelkomið: -myndi ég gefa þér þótt úr gulli væri og selja þér
þótt úr silfri væri.

Loki fer í fjaðurham Freyju, og flýgur og flýgur, gáir og horfir og njósna.
Sér loks eitthvað sem gefur von: -- aha! Þrymur þurs!

Loki lendir hjá Þrymi og spjallar við hann um hamar: -heyrðu. Þrymur
minn, hefurðu nokkuð séð Mjöllni hér einhvers staðar?

Þrymur: -fólgit hef ek 9 röstum fyr jörð neðan, skila þegar ég fæ Freyju at
kván.

-Aha, segir Loki. -Næ bara í Freyju

flýgur til baka, og flýgur mikinn,

segir við Þór: -nú þarf að fara með Freyju sem brúði handa Þrymi.

Þór og Loki fara til Freyju: -búðu þig nú brúðarlíni, Freyja mín, lát hrynja
lukla, því þú þarft að giftast Þrymi þurs.

(við vitum að Freyja er sköpunarkrafturinn, en þursar eru forn þróunarskeið nú
okkur óþröf og við verðum að losna við þau; þessar andstæður tilverunnar geta
aldrei samrýmzt)

Men brisinga springur því Freyja reiðist svo -- Þór og Loki hrökklast út
úr dyngju Freyju og út úr Fólkvangi út á víðavang.

Þór og Loki sitja úti á steini og hugsa mikið, Þór í algjörri fýlu, Loki að
reyna að vera jákvæður

Loki fær hugmynd: -Þú ferð bara í brúðarfinerí!

búðu þig nú brúðarlíni, með hrynjandi búrlyklana og allt það dótari, Þór,
og ég verð ambátt þín, og við þyrjum jörð yfir og til Þryms í brúðkaupið
þitt!

Þór verður öskureiður! Heldurðu mig ragan, telurðu mig argan!

Heldurðu að ég sé argdrottning ragdrottning drag-drottning! eða hvað
það nú heitir!

Loki: -rólegur, rólegur, þetta er eina ráðið, Þór minn.

Í algjörri fýlu lætur Þór sig hafa það að fiffað er á hann brúðarlín,
 Loki fær líka kvenklæði og er bara sætur í þeim, málar á sér varirnar og
 þjattast svolítið;
 Tanngrisnir og Tanngnjóstur eru kallaðir til og spenntir fyrir þrumu-
 vagninn,
 Þyrja þeir nú þjóð yfir, blaktir brúðarlín, mása mjög hafrar.
 (Þursar hafa mikið að gera við að bera inn borð stóla krásir)
 Þór og Loki lenda í miðja tilbúna brúðkaupsveisluna, Þrymur er nú bísna
 kátur,
 býður Þrymur Freyju sína velkomna, og sett er að borðum;
 etur „Freyja“ heilan uxa og 8 laxa, en aðrar konur, þursameyjar, fá
 ekkert,
 Þrymur starir á hana, einsog jú allir,
 drekkur svo „Freyja“ sáld mjaðar í einum teig svo sullast mjöður á allt
 brúðarfínerið, og þá er Þrymi öllum lokið: -af hvuru af hvuru af hvuru
 étur hún svona mikið?
 Þór ropar.
 Ambáttin, Loki, flýtir sér að svara (óvart fyrst með karlarómi, en áttar sig
 og gerir málróminn mjög stelpulegan(-- flýtir sér að svara áður en Þór
 gæti fengið tóm til að segja nokkuð óheppilegt með sinni þrumuröddu:
 -hún hefur ekki matast af tilhlökkun einni saman.
 Þrymur verður mjög kátur og strýkur á sér belginn.
 Nú trítlar hann í spenningi til Freyju og vill fá koss -- -lýt ek und línu
 lystir að kyssa, kyss kyss múmm múmm og hann slefar af ákafa –



Þrymur lýtur að Freyju og lyftir upp brúðarslörinu:
 við heyrum þrumur og sjáum eldingar, ljósglampar koma undan
 brúðarlíninu, og Þrymur hrökklast til baka út endlangan sal og situr þar
 á bossanum flötum beinum alveg sjokkeraður.



Hálfstamandi spyr Þrymur Loka: -hví hví hví eru öndótt augu Freyju?
 Loki: -hún hlakkaði svo mikið mikið til að komast til þín að hún gat ekki
 sofið, henni bara kom ekki dúr á auga vegna tilhlökkunar, Þrymur minn.

Stendur nú hin aldna systir Þryms upp frá borðum, fer að ná í hamarinn
 -- færir „Freyju“ hann, leggur hann í skaut henni.
 Rís nú Þór á fætur, kastar af sér brúðarlíninu, amk að einhverju leyti, og
 þeytir hamrinum í hringi yfir höfði sér svo gneistar af, þannig að allir
 þursar falla;

Loki kúrir undir borði og heldur yfir hausinn, gægjist svo aðeins út þegar allt virðist yfirstaðið.

Stíga þeir Þór og Loki nú í þrumuvagninn og hafrarnir brokka glæsilega til baka.

ISBN 978-9935-409-31-7



hér er mynd af Þór og Sif að þyrja yfir akurinn

-- því miður engin mynd til af dragdrottningunum í þrumuvagninum ---

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्शि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.

Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hveurrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hveurrar forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnnaðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmar). परधर्म (paradharmar), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknsmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað íð hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð Góþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
